



SUMARFRÍSTUND & FÓTBOLTI Í Brosbæ og Egilshöll



FYRIR 6-9 ÁRA (FÆDD 2006-2009)



Í sumar verður samstarf á milli Gufunesbæjar og Fjölnis þar sem börnum býðst að vera í fótboltaskóla frá kl. 08:30 – 12:30 og í sumarfrístund frá kl. 12:30 – 16:30 eða í 8 tíma. Hægt er að kaupa viðbótarstund frá kl. 08:00 – 08:30 og frá kl. 16.30 - 17:00. Börnunum verður fylgt á milli staða. Í sumarfrístund er lögð áhersla á útiveru, frjálsan leik, skapandi starf, þemaverkefni og styttri ferðir. Lögð verður áhersla á að virkja börnin við ákvarðanatöku um hina ýmsu þætti starfsins. Í fótboltanum er lögð áhersla á knattspyrnuæfingar og skemmtilega hreyfingu. Starfsfólk í sumarfrístund hefur reynslu af starfi í frístundaheimilum og í fótboltanum verða þjálfarar sem starfað hafa hjá deildinni undanfarin ár og unnið mikið með börnum.

Skráning hefst
25.apríl

Grunnverð
11.830 kr

- Opið er frá kl. 8:00-17:00. Grunnjaldið miðast við tímann milli kl. 8:30 og 16:30 en greitt er fyrir viðbótarstund/-ir þess utan.
- Grunnjald fyrir viku (5 dagar) er kr. 11.830 kr. og fyrir viðbótarstund frá kl. 8:00-8:30 eða kl. 16:30-17:00 er kr. 1.235.
- Skráningarvefur: <http://sumar.fristund.is>

Námskeiðin verða í júní,
júlí og ágúst

Vika 1: 13.júní - 16.júní

Vika 2: 20.júní - 24.júní

Vika 3: 27.júní - 1.júlí

Vika 4: 4.júlí - 8.júlí

Vika 5: 8.ágúst - 12.ágúst

Vika 6: 15.ágúst - 19.ágúst